

# Ársreikningar A-hluta 2025 og málaflokkayfirlit Aðalsjóðs



# Efnisyfirlit

## A-hluti:

Aðalsjóður .....	
Eignasjóður .....	
Málaflokkayfirlit Aðalsjóðs .....	

# Aðalsjóður Reykjavíkurborgar

Ársreikningur  
2025



Reykjavíkurborg  
kt. 530269-7609  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

# Aðalsjóður Reykjavíkurborgar

## Ársreikningur 2025

### Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun borgarstjóra .....	2
Rekstrarreikningur .....	3
Efnahagsreikningur .....	4-5
Yfirlit um sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7-15

# Skýrsla og áritun borgarstjóra

Hlutverk Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti og leggja grunn að auknum lífsgæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnáskilum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Starfsemi Aðalsjóðs er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum.

Ársreikningur Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Samkvæmt rekstrarreikningi Aðalsjóðs voru rekstrartekjur 208.353 m.kr. á árinu, en þar af námu skatttekjur 159.422 m.kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,97%, sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,18% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,60% í C-flokki. Lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 15.798 m.kr, en fjárhagáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 10.336 m.kr á árinu.

Heildareignir námu í árslok samtals 63.689 m.kr og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 108.003 m.kr. Eigið fé var neikvætt um 44.314 m.kr.

Stöðugildi voru 8.456 að meðaltali á árinu 2025.

Þann 1. desember 2025 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg samtals 147.042.

Samkvæmt bestu vitneskju borgarstjóra er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu Aðalsjóðs og að í skýrslu stjórnar komi fram þær upplýsingar sem krafist er.

Borgarstjóri staðfestir hér með ársreikning Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. maí 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

# Rekstrarreikningur janúar-deseember 2025

	Skýr	Ársreikningur Jan.-des. 2025	Fjárhagsáætlun með viðaukum Jan.-des. 2025	Ársreikningur Jan.-des. 2024
<b>Rekstrartekjur</b>	2,15			
Skatttekjur .....		159.422.185	162.768.405	147.468.040
Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga .....		18.857.432	18.520.897	16.932.621
Aðrar tekjur .....		30.073.431	26.061.713	29.568.816
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>208.353.048</b>	<b>207.351.016</b>	<b>193.969.477</b>
<b>Rekstrargjöld</b>	3			
Laun og launatengd gjöld .....	16	110.873.099	109.415.115	102.447.941
(Lækkun) hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	16,24	9.859.880	6.700.000	( 846.685 )
Annar rekstrarkostnaður .....	17	111.509.457	108.717.811	104.879.975
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>232.242.436</b>	<b>224.832.926</b>	<b>206.481.231</b>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		( 23.889.388 )	( 17.481.910 )	( 12.511.754 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	2,4,18	8.091.283	7.145.581	6.945.999
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	23	<b>( 15.798.105 )</b>	<b>( 10.336.330 )</b>	<b>( 5.620.955 )</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr	Ársreikningur 31.12.2025	Ársreikningur 31.12.2024
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum .....	5,19	11.414.940	9.935.034
Stofnframlög til húsnæðissjálfsseignarstofnana .....	20	9.668.115	8.164.217
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		7.322.297	7.707.452
Langtímakröfur .....	6,7,22	88.673	92.324
		<b>28.494.024</b>	<b>25.899.028</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Skammtímakröfur:			
Óinnheimtar tekjur .....	7,8,21	17.673.130	18.364.988
Næsta árs afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki .....	6,22	0	3.132.363
Næsta árs afborgarnir langtímakrafna .....	6,22	76.324	70.788
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		238.456	239.824
Fyrirframgreiðslur .....		385.156	385.156
Aðrar skammtímakröfur .....		1.746.190	1.034.924
Handbært fé .....	9	15.075.579	12.150.714
		<b>35.194.834</b>	<b>35.378.757</b>
<b>Veltufjármunir samtals</b>			
<b>Eignir samtals .....</b>		<b>63.688.858</b>	<b>61.277.784</b>
<b>Eignir utan efnahagsreiknings.....</b>	10		

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	Ársreikningur 31.12.2025	Ársreikningur 31.12.2024
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eiginfjárreikningur .....	23	( 44.314.263 )	( 28.516.158 )
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>( 44.314.263 )</b>	<b>( 28.516.158 )</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Lífeyrisskuldbinding .....	11,24	43.790.369	36.160.013
<b>Skuldbindingar samtals</b>		<b>43.790.369</b>	<b>36.160.013</b>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir .....	25	5.494.275	5.466.325
<b>Langtímaskuldir samtals amtals</b>		<b>5.494.275</b>	<b>5.466.325</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		3.824.924	3.322.177
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	25	158.876	151.533
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindingar .....	24	2.150.000	1.980.000
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		38.263.486	29.214.280
Aðrar skammtímaskuldir .....		14.321.189	13.499.614
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>58.718.476</b>	<b>48.167.604</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		<b>108.003.121</b>	<b>89.793.942</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals .....</b>		<b>63.688.858</b>	<b>61.277.784</b>
<b>Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings .....</b>	12,26,27		

# Sjóðstreymisyfirlit janúar-deseember 2025

	Skýr	Ársreikningur Jan.-des. 2025	Fjárhagsáætlun með viðaukum Jan.-des. 2025	Ársreikningur Jan.-des. 2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi .....	23	( 15.798.105 )	( 10.336.330 )	( 5.620.955 )
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Söluhagnaður eigna .....		( 19.381 )	0	0
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna .....	4	19.013	72.762	( 81.993 )
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	16	9.859.880	6.700.000	( 846.685 )
Fyrirframgreitt framlag til Brúar, lífeyrissjóðs, breyting .....		385.156	385.156	385.156
Niðurfærsla langtímakrafna .....		( 9.000 )	0	( 3.000 )
Áhrif hlutdeildarféлага .....		0	0	55.200
<b>Veltufé til rekstrar</b>		<b>( 5.562.437 )</b>	<b>( 3.178.411 )</b>	<b>( 6.112.278 )</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímafröfur, (hækkun), lækkun .....		( 18.040 )	0	( 229.986 )
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun .....		1.324.322	96.141	1.182.315
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga .....	24	( 2.059.523 )	( 2.000.000 )	( 1.666.533 )
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>		<b>( 753.241 )</b>	<b>( 1.903.859 )</b>	<b>( 714.204 )</b>
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>( 6.315.678 )</b>	<b>( 5.082.270 )</b>	<b>( 6.826.482 )</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
	14			
Eignarhlutar í félögum, breyting .....		( 1.460.525 )	( 1.400.000 )	( 58.781 )
Stofnframlög til húsnæðissjálfséignarstofnana, breyting .....		( 1.503.897 )	( 1.415.652 )	( 1.513.084 )
Verðbréf, breyting .....		3.271.248	3.258.531	3.125.839
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>306.826</b>	<b>442.880</b>	<b>1.553.974</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
	25			
Afborgun langtímalána .....		( 115.489 )	( 115.330 )	( 109.336 )
Eigin fyrirtæki, breyting .....		9.049.206	4.500.000	6.067.637
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>8.933.717</b>	<b>4.384.670</b>	<b>5.958.301</b>
<b>Hækkun (Lækkun) á handbæru fé .....</b>		<b>2.924.865</b>	<b>( 254.721 )</b>	<b>685.793</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>12.150.714</b>	<b>624.294</b>	<b>11.464.921</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<b>15.075.579</b>	<b>369.573</b>	<b>12.150.714</b>

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn felur í sér reikningsskil yfirstjórnar borgarinnar og málaflokka hennar árið 2025.

## Reikningsskilaaðferðir

### 2. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar að frádrögnum framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fasteignaskattar og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

### 3. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### 4. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 5. Eignarhlutir í félögum

Í ársreikningi Aðalsjóðs eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta í árslok 2002 er þó óbreytt í ársreikningnum. Í ársreikningi Aðalsjóðs er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög borgarinnar til byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflokks.

### 6. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör að teknu tilliti til niðurfærslu, sbr. skýringu 7. Næsta árs- og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

# Skýringar

## 7. Niðurfærslur krafna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

## 8. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. skýringu 7 um niðurfærslu krafna.

## 9. Handbært fé

Sjóður, óbundnar bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

## 10. Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd og lóðir í eigu Aðalsjóðs eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi.

## 11. Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem skuldbinding í efnahagsreikningi samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Breyting á skuldbindingunni er færð í rekstrarreikning. Sjá nánar í skýringu nr. 24.

## 12. Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er ekki á ábyrgð Aðalsjóðs, eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Þess konar samningar geta verið um einkaframkvæmd eða fjármögnunarleigu. Árleg leigufjárhæð vegna slíkra samninga er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## 13. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun með viðaukum fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í ársreikningnum.

## 14. Yfirlit um sjóðstreymi

Í fjárfestingarhreyfingum í yfirliti um sjóðstreymi er færð sú fjárfesting borgarinnar, sem hefur áhrif á handbært fé. Að auki er tilgreind sú fjárfesting, sem ráðist er í og fjármögnuð er með viðskiptaskuld eða lánsamningi.

# Skýringar

## 15. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	Ársreikningur Jan.-des. 2025	Fjárhagsáætlun með viðaukum Jan.-des. 2025	Ársreikningur Jan.-des. 2024
<b>Skatttekjur:</b>			
<b>Útsvar:</b>			
Staðgreiðsla .....	141.178.871	142.693.505	131.895.526
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu .....	( 7.261.705 )	( 7.339.612 )	( 6.784.205 )
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v málefna fatlaðra .....	( 13.580.332 )	( 13.726.029 )	( 12.687.345 )
	<u>120.336.833</u>	<u>121.627.864</u>	<u>112.423.975</u>
Eftirá álagt útsvar .....	6.652.646	6.957.542	3.955.591
Skattbreytingar .....	203.565	0	2.155.938
Afskrifaðar skatttekjur .....	( 726.556 )	0	( 945.229 )
Breyting á niðurfærslu .....	( 1.200.000 )	0	( 2.300.000 )
	<u>125.266.488</u>	<u>128.585.405</u>	<u>115.290.274</u>
<b>Fasteignaskattar:</b>			
Fasteignaskattur .....	31.220.379	31.235.480	29.393.058
Lóðarleiga .....	2.922.900	2.947.520	2.777.944
Afskrifaðir fasteignaskattar .....	12.418	0	6.764
	<u>34.155.697</u>	<u>34.183.000</u>	<u>32.177.765</u>
<b>Skatttekjur samtals .....</b>	<b><u>159.422.185</u></b>	<b><u>162.768.405</u></b>	<b><u>147.468.040</u></b>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>			
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks .....	14.324.432	14.360.027	13.308.395
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, önnur framlög .....	4.533.000	4.160.871	3.624.227
	<u>18.857.432</u>	<u>18.520.897</u>	<u>16.932.621</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>			
Þjónustutekjur .....	13.597.282	12.978.511	13.834.003
Eignatekjur .....	4.012.685	2.876.255	2.995.736
Endurgreiðslur annarra .....	10.266.618	8.566.777	10.381.764
Aðrar tekjur .....	2.196.847	1.640.170	2.357.312
	<u>30.073.431</u>	<u>26.061.713</u>	<u>29.568.816</u>
<b>Rekstrartekjur samtals .....</b>	<b><u>208.353.048</u></b>	<b><u>207.351.016</u></b>	<b><u>193.969.477</u></b>

## 16. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	Ársreikningur Jan.-des. 2025	Fjárhagsáætlun með viðaukum Jan.-des. 2025	Ársreikningur Jan.-des. 2024
Laun .....	89.967.733	89.297.605	83.830.920
Launatengd gjöld .....	21.124.311	19.993.163	19.653.426
	<u>111.092.044</u>	<u>109.290.769</u>	<u>103.484.346</u>
Breyting áfallins orlofs .....	596.804	100.000	257.591
Eignfærð laun .....	( 384.826 )	0	( 1.032.985 )
Millifærð/endurgreidd laun .....	( 430.923 )	24.347	( 261.011 )
	<u>110.873.099</u>	<u>109.415.115</u>	<u>102.447.941</u>
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	9.859.880	6.700.000	-846.685
	<u>120.732.979</u>	<u>116.115.115</u>	<u>101.601.256</u>
Fjöldi stöðugilda að meðaltali .....	8.456		8.379

Laun og launatengd gjöld vegna borgarstjórnar, borgarráðs og borgarstjóra námu 682.401 þús.kr. á árinu 2025.

# Skýringar

## 17. Annar rekstrarkostnaður

	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Ársreikningur
	Jan.-des. 2025	Jan.-des. 2025	Jan.-des. 2024
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
Vöru- og þjónustukaup .....	77.610.276	73.448.407	72.720.468
Skattar og önnur opinber gjöld .....	43.887	54.474	44.948
Styrkir, framlög og annar kostnaður .....	33.855.294	35.214.930	32.114.559
	<u>111.509.457</u>	<u>108.717.811</u>	<u>104.879.975</u>

## 18. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Ársreikningur
	Jan.-des. 2025	Jan.-des. 2025	Jan.-des. 2024
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:			
Vaxtatekjur og verðbætur .....	1.440.639	936.210	1.777.970
Fjármagnstekjuskattur .....	( 240.368 )	( 114.895 )	( 226.010 )
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 408.022 )	( 466.407 )	( 600.611 )
Gengismunur .....	39.850	0	( 29.482 )
	<u>832.099</u>	<u>354.909</u>	<u>921.868</u>
Arður af eignarhlutum .....	6.964.042	6.571.872	5.676.428
Ábyrgðargjald .....	275.761	218.800	347.703
	<u>8.091.283</u>	<u>7.145.581</u>	<u>6.945.999</u>

## 19. Eignarhlutir í félögum

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. ....	37,72%	377.200
Betri samgögnur ohf. ....	0,0038%	563
Faxaflóahafnir sf .....	75,56%	59.111
Félagsbústaðir hf. ....	100,0%	3.240.267
Hagstofa (hluti í Þjóðskrá) .....		4
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. ....	46,0%	789.970
Íþrótt- og sýningahöllin hf. ....	50,0%	50.000
Jafnlaunastofa sf. ....	50,0%	500
Landskerfi bókasafna hf. ....	20,6%	29.524
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	17,5%	1.547.831
Malbikunarstöðin Höfði hf. ....	100,0%	197.677
Minjavernd hf. ....	38,3%	60.486
Skallagrímur hf. ....		3
Skipulagssjóður Reykjavíkurborgar .....	100,0%	1.035.846
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ....	60,8%	1.027.526
Sorpa bs. ....	58,3%	1.361.109
Strætó bs. ....	60,3%	514.504
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf. ....	5,4%	11.688
Þróunarfélag Grundartanga ehf. ....	16,7%	750
Þjóðarhöll ehf. ....	45,0%	1.104.500
Þjóðarleikvangur ehf. ....	50,0%	5.882
<b>Eignarhlutir í félögum</b>		<u>11.414.940</u>

# Skýringar

## 20. Stofnframlög til húsnæðissjálfsagnarstofnana

	Veitt stofnframlög Bókfært verð	12% af fasteignarmati húsnæðis
Andrastaðir hses. ....	27.992	29.838
Arnrún íbúðarfélag hses. ....	50.210	105.588
Bjarg íbúðafélag hses. ....	3.468.400	4.788.324
Brák íbúðafélag hses. ....	203.714	246.828
Brynja leigufélag ses. ....	1.261.099	1.386.326
Byggingafélag námsmanna ses. ....	621.612	318.096
Félagsbústaðir hf. ....	3.006.628	4.744.026
Nauthólsvegur 86 hses. ....	684.547	0
Stakkahlíð hses. ....	343.912	707.946
<b>Stofnframlög til húsnæðissjálfsagnarstofnana</b>	<b>9.668.115</b>	<b>12.326.972</b>

Stofnframlög sem Reykjavíkurborg hefur greitt til tiltekinna íbúðafélaga samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir nema samtals **9.668 m.kr.** í árslok 2025. Markmið laganna er að bæta húsnæðisöryggi einstaklinga og fjölskyldna sem eru undir tilteknum tekju- og eignamörkum. Í því skyni er ríki og sveitarfélögum heimilt að veita stofnframlög til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum, með það að markmiði að stuðla að framboði leiguíbúða á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á þeim að halda.

Stofnframlögnum fylgja skilyrði um endurgreiðslu þegar þau lán sem tekin voru til fjármögnunar viðkomandi íbúða hafa verið greidd upp, þegar íbúð er seld eða samkvæmt sérstöku samkomulagi um upphaf endurgreiðslna stofnframlaga. Við ákvörðun endurgreiðslufjárhæðar skal miða við síðast birta fasteignamat íbúðarinnar, að teknu tilliti til þróunar íbúðaverðs frá febrúarmánuði næst á undan matsgerð og fram að þeim tíma þegar endurgreiðsla hefst.

Þrátt fyrir framangreind skilyrði um endurgreiðslu ber sveitarfélaginu að ráðstafa endurgreiddum fjármunum til sambærilegra verkefna með sama samfélagslega markmiði. Af þeim sökum mun sveitarfélagið ekki innleysa hagnað eða ávinning vegna hugsanlegrar verðhækkunar frá því stofnframlag var greitt og þar til það er endurgreitt. Af þeirri ástæðu er ekki talið rétt að endurmeta stofnframlögin til hækkunar í ársreikningi.

Veitt stofnframlög eru bæði vegna fullbúinna íbúða og íbúða í byggingu.

## 21. Niðurfærsla krafna

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

Niðurfærsla annarra krafna en skatttekna í ársbyrjun .....	321.000
Tekjufærð breyting varúðarniðurfærslu á árinu .....	( 68.390 )
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	63.390
Niðurfærsla 31.12.2025 .....	<u>316.000</u>

Eftirstöðvar skatttekna án dráttarvaxta og niðurfærslu námu í árslok samtals 22.807 m.kr. Niðurfærsla skatttekna ásamt afskrift skatttekna á árinu, samtals að fjárhæð 727 m.kr., er færð til lækkunar á skatttekjum. Niðurfærsla skatttekna nam í lok árs samtals 11.500 m.kr.

## 22. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig:	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	Óverðtryggðar langtímakröfur
Staða í ársbyrjun .....	3.132.363	241.112
Viðbót langtímakrafna á árinu .....	0	245.856
Afborgun langtímakrafna á árinu .....	( 3.264.133 )	( 252.972 )
Verðbætur .....	131.769	0
	<u>0</u>	<u>233.996</u>
Niðurfærsla ýmissa skuldabréfa .....	0	( 69.000 )
	<u>0</u>	<u>164.996</u>
Næsta árs afborgun langtímakrafna .....	0	( 76.324 )
	<u>0</u>	<u>88.673</u>

# Skýringar

Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2026 .....	76.324
Árið 2027 .....	44.336
Árið 2028 .....	44.336
Árið 2029 .....	0
Árið 2030 .....	0
Síðar .....	0
Langtímakröfur samtals .....	<u>164.996</u>

## 23. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Eigið fé 1.1.2025 .....	( 28.516.158 )
Rekstrarniðurstaða ársins .....	( 15.798.105 )
Eigið fé 31.12.2025 .....	<u>( 44.314.263 )</u>

## 24. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding vegna Lífeyrissjóðs Brúar R-deildar (áður Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar) hækkaði um 7,7 ma.kr. milli ára og nam 43,6 ma.kr. í árslok 2025 að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins. Hækkunina má einkum rekja til þess að vísitala lífeyrisskuldbindinga sem mælir launaþróun á opinberum markaði hækkaði um 11,7%. Mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta var unnin af tryggingastærðfræðingi Lífeyrissjóðs Brúar. Meginhluti réttinda í lífeyrissjóðnum fylgir launabreytingum og eru þau núvirt miðað við 2% raunvexti, en að öðru leyti er núvirt miðað við 3,5% raunvexti.

Við tryggingafræðilega athugun Lífeyrissjóðs Brúar R-deildar er notaður reiknigrundvöllur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2019 að viðbætti spá félagsins frá 2020 um lækku á aldursbundinni dánartíðni, og auglýst var af fjármálaráðuneyti í lok árs 2021 sem hluti staðalforsendna við uppgjör lífeyrissjóða.

Jafnframt er færð til gjalda og skuldar áfallin lífeyrisskuldbinding vegna tryggingafræðilegs endurmats Lífeyrissjóðs Brúar A-deildar vegna starfsmanna sem höfðu hafið töku lífeyris eða höfðu náð 60 ára aldri árið 2017. Þegar breytingar urðu á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna og tryggingafræðileg staða A-deildar naut ekki lengur óbeinnar bakábyrgðar launagreiðanda eins og áður hafði verið, þá var þessi hópur undanskilinn. Árið 2023 var tryggingafræðileg staða A-deildar utan vikmarka og því kemur til bakábyrgðar Reykjavíkurborgar vegna þessa hóps. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar A-deildar nam 252 m.kr. árið 2025.

Lífeyrisskuldbindingin greinist þannig:

	Lífeyrissjóður Brúar A-deild	Lífeyrissjóður Brúar R-deild (LsRb)	Samtals
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	2.278.474	35.861.539	38.140.013
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna árinu .....	( 195.364 )	( 1.864.160 )	( 2.059.523 )
Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu .....	251.570	9.608.310	9.859.880
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2025 .....	<u>2.334.681</u>	<u>43.605.689</u>	<u>45.940.369</u>
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar .....	190.000	1.960.000	2.150.000
Langtíamahluti lífeyrisskuldbindingar .....	2.144.681	41.645.689	43.790.369
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2025 .....	<u>2.334.681</u>	<u>43.605.689</u>	<u>45.940.369</u>

Áætluð þátttaka í greiðslu lífeyris á árinu 2025 er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Áætluð þátttaka Aðalsjóðs í greiðslu lífeyris eftir tímabilum:

Til greiðslu árin 2026-2030 .....	834.781	12.961.379	13.796.160
Til greiðslu árin 2031-2035 .....	615.733	10.673.759	11.289.492
Til greiðslu árin 2036-2040 .....	415.978	8.110.938	8.526.916
Til greiðslu árin 2041 og síðar .....	468.190	11.859.613	12.327.802
	<u>2.334.681</u>	<u>43.605.689</u>	<u>45.940.369</u>

# Skýringar

## 25. Langtímaskuldir

	Verðtryggðar langtímaskuldir	Óverðtryggðar langtímaskuldir	Samtals
Staðan í byrjun árs .....	5.153.172	464.687	5.617.858
Afborganir .....	( 75.489 )	( 40.000 )	( 115.489 )
Verðbætur og afföll .....	155.038	( 4.256 )	150.783
	<u>5.232.721</u>	<u>420.431</u>	<u>5.653.152</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	( 114.620 )	( 44.256 )	( 158.876 )
	<u>5.118.100</u>	<u>376.175</u>	<u>5.494.275</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:			
Árið 2026 .....			158.876
Árið 2027 .....			162.398
Árið 2028 .....			166.075
Árið 2029 .....			169.917
Árið 2030 .....			173.929
Síðar .....			4.821.956
			<u>5.653.152</u>

## 26. Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

Rekstrar- og þjónustusamningar	Heildar-skuldbinding	Til greiðslu 2026
Yfirlit:		
Styrkir á vegum borgarráðs .....	214.886	138.162
Styrkir v. menningarmála .....	5.460.200	2.879.200
Þjónustusamningar við Íþróttá- og æskulýðsfélög .....	3.852.000	2.152.000
Styrkir og þjónustusamningar v. velferðarmála .....	18.281.683	6.130.077
Styrkir og þjónustusamningar v. skóla- og frístundamála .....	64.371	32.687
Tónlistar- og ráðstefnuhús, húsnæði .....	9.456.862	758.843
	<u>37.330.001</u>	<u>12.090.969</u>

## 27. Ábyrgðir

Á Aðalsjóði hvíla ábyrgðarskuldbindingar gagnvart þriðja aðila vegna skuldabréfalána sem hér segir

	Hlutfall ábyrgðar Reykjavíkurb.	Eftirstöðvar 31.12.2025
Félagsbústaðir hf .....	100,00%	34.621.009
Orkuveita Reykjavíkur .....	93,54%	28.913.807
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs .....	56,3%	111.312
Sorpa bs. ....	56,3%	1.745.713
Strætó bs. ....	56,3%	905.117
Vegna kirkjubygginga .....		361.619
Eftirstöðvar ábyrgðaskuldbindinga, hlutur Reykjavíkurborgar		<u>66.658.576</u>

## 28. Önnur mál

### Erindi frá Nýja Landspítalanum (NLSH ohf.) þar sem krafist er uppgjors á samningum milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar

NLSH ohf. hefur sent Reykjavíkurborg erindi þar sem krafist er uppgjors á þegar gerðum samningum milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar í tengslum við uppbyggingu bílastæðahús við Nýja Landspítala. Nánar tiltekið nemur uppreiknuð krafa NLSH á hendur Reykjavíkurborg 1.695 m.kr. króna. Með bréfi, dags 4. mars 2026, hafnaði Reykjavíkurborg að mestu leyti kröfu NLSH með rökstuddum hætti að því undanskildu að talið er rétt að Reykjavíkurborg greiði íslenska ríkinu (ekki NLSH ohf.) eftirstöðvar samningsbundinnar greiðslu að fjárhæð 450 m.kr.- sem fullnaðaruppgjör vegna eins af umræddum samningum. Búið er að færa í rekstrarreikning Reykjavíkurborgar til samræmis við þetta. Samsvarandi skuldbinding hefur verið færð til skuldar.

# Skýringar

## 29. Málaferli

### Ágreiningur um nýtingu á lóðinni Haukahlíð 2

S8 ehf. hefur höfðað mál gegn Reykjavíkurborg til greiðslu kr. 278.888.699,- auk dráttarvaxta vegna samkomulags um uppbyggingu og breytta nýtingu á lóðinni Haukahlíð 2. Jafnframt gerir S8 ehf. kröfu um að Reykjavíkurborg verði gert að greiða félaginu kr. 197.943.514,- auk dráttarvaxta. Hérðasdómur dæmi Reykjavíkurborg í vil en málinu hefur verið vísað til Landsréttar.

### Krafa Vesturbuftar ehf. til viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna riftunar samnings

Mál sem Vesturbugt ehf. hefur höfðað gegn Reykjavíkurborg aðallega til viðurkenningar á skaðabótaskyldu Reykjavíkurborgar vegna ætlaðs tjóns vegna missis hagnaðar sökum riftunar Reykjavíkurborgar á samningi á uppbyggingu í Vesturbugt, dags. 18. janúar 2017. Til vara gerir Vesturbugt ehf. kröfu annars vegar um greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 116.171.425,- og hins vegar um endurgreiðslu á gatnagerðargjöldum að fjárhæð kr. 196.298.110,- að frádræginni innborgun Reykjavíkurborgar að fjárhæð kr. 146.835.960. Hérðasdómur dæmi Reykjavíkurborg í vil en málinu hefur verið vísað til Landsréttar.

### Krafa Hreyfils svf. vegna ætlaðra vanefnda á samningi

Hreyfill svf. hefur höfðað mál á hendur Reykjavíkurborg til greiðslu 297.000.000,- auk dráttarvaxta vegna ætlaðra vandefnda á samningi eða eftir atvikum bætur utan samninga.

## 30. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í borgarstjórn auk borgarstjóra og staðgengla hans eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, börn og aðrir einstaklingar á framfæri aðilanna eða á framfæri maka aðilanna, falla einnig undir skilgreininguna. Þá eru félög sem lúta yfirráðum allra framangreindra aðila einnig tengdir aðilar.

Sveitarfélagið hefur átt í viðskiptum við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila náðu meðal annars til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er gætt að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Þá er tengdum aðilum óheimilt samkvæmt samþykktum siðareglum að nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir.

Vakin er athygli á því að 5 borgarfulltrúar létu hjá líða að skila skráningu vegna tengdra aðila innan tilskilins frests.

# Skýringar

## 31. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

### Í hlutfalli við rekstrartekjur:

	Ársreikningur 2025	Fjárhagsáætlun með viðaukum 2025
Útsvar .....	60,1%	62,0%
Fasteignaskattar .....	16,4%	16,5%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	9,1%	8,9%
Skatttekjur samtals .....	85,6%	87,4%
Aðrar tekjur .....	14,4%	12,6%
Rekstrartekjur samtals .....	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld .....	53,2%	52,8%
(Lækkun) hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	4,7%	3,2%
Annar rekstrarkostnaður .....	53,5%	52,4%
Rekstrargjöld samtals .....	111,5%	108,4%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	(11,5%)	(11,5%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	3,9%	3,4%
Rekstrarniðurstaða .....	(7,6%)	(5,0%)
Veltufé frá rekstri .....	(2,7%)	(1,5%)
Fjárfestingarhreyfingar .....	0,1%	0,2%

### Í þús. kr. á íbúa:

	Ársreikningur 2025	Fjárhagsáætlun með viðaukum 2025
Skatttekjur .....	1.084	1.107
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	128	126
Aðrar tekjur .....	205	177
Tekjur samtals .....	1.417	1.410
Laun og launatengd gjöld .....	( 754)	( 744)
(Lækkun) hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	( 67)	( 46)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 758)	( 739)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	55	49
Rekstrarniðurstaða .....	( 107)	( 70)

### Efnahagur:

	Ársreikningur 2025	Ársreikningur 2024
Eignir .....	433	420
Eigið fé .....	( 301)	( 195)
Skuldir og skuldbindingar .....	735	615

### Sjóðstreymi:

	Ársreikningur 2025	Fjárhagsáætlun með viðaukum 2025
Veltufé frá rekstri .....	( 38)	( 22)
Handbært fé frá rekstri .....	( 43)	( 35)

### Aðrar lykiltölur:

	Ársreikningur 2025	Ársreikningur 2024
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	0,60	0,73
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn .....	( 0,70 )	( 0,47 )

### Íbúafjöldi, (heimild: Þjóðskrá):

Íbúafjöldi 1. desember 2025 .....	147.042	145.931
-----------------------------------	---------	---------

# Eignasjóður Reykjavíkurborgar

Ársreikningur  
2025



# Eignasjóður Reykjavíkurborgar

## Ársreikningur 2025

### Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun borgarstjóra .....	2
Rekstrarreikningur .....	3
Efnahagsreikningur .....	4-5
Yfirlit yfir sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7-18

# Skýrsla og áritun borgarstjóra

Eignasjóður hefur með höndum umsýslu varanlegra rekstrarfjármuna, sem fyrst og fremst eru nýttir af rekstrareiningum A-hluta Reykjavíkurborgar, sbr. reglugerð 1212/2015 gr. 8.-12.

Ársreikningur Eignasjóðs Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs Reykjavíkurborgar á árinu 2025 nam 10.481 m.kr. og var það 201 m.kr. lægri niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun með viðaukum. Eignir námu 284.290 m.kr. skv. efnahagsreikningi 31.12.2025 og var eigið fé jákvætt um 132.337 m.kr. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn um ráðstöfun hagnaðar.

Laun og launatengd gjöld námu alls 2.939 m.kr. sem var 293 m.kr. eða 9 % lægri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Stöðugildi voru 219 að meðaltali á árinu 2025.

Borgarstjóri staðfestir hér með ársreikning Eignasjóðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. maí 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

# Rekstrarreikningur 2025

	Skýr	Ársreikningur 2025	Fjárhagsáætlun með viðaukum 2025	Ársreikningur 2024
<b>Rekstrartekjur</b>	2,33			
Leigutekjur .....		36.454.239	36.512.904	34.341.530
Aðrar tekjur .....		5.917.625	5.901.080	7.255.255
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>42.371.864</b>	<b>42.413.983</b>	<b>41.596.785</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	17,34	2.931.851	3.225.075	2.883.866
Annar rekstrarkostnaður .....	36	8.301.402	7.825.486	8.041.943
Afskriftir .....	8-11,24	10.510.351	10.200.000	9.560.898
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>21.743.604</b>	<b>21.250.561</b>	<b>20.486.707</b>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		20.628.260	21.163.422	21.110.078
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4,18	( 10.147.120)	( 10.480.902)	( 10.743.396)
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	26	<b>10.481.140</b>	<b>10.682.520</b>	<b>10.366.682</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	Ársreikningur 31.12.2025	Ársreikningur 31.12.2024
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	8,20	<b>5.152.167</b>	<b>5.912.636</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9-11,21,22		
Fasteignir og lóðir .....		179.621.992	170.418.495
Götur .....		43.566.914	40.679.049
Áhöld og tæki .....		8.166.350	8.555.346
Leigueignir .....	23	5.629.215	5.723.522
		<b>236.984.470</b>	<b>225.376.412</b>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:	7,19		
Langtímakröfur .....		1.666.381	1.569.257
Áhættuvarnarsamningar .....		103.137	0
		<b>1.769.518</b>	<b>1.569.257</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>243.906.155</b>	<b>232.858.305</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....	5,25	353.008	471.436
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	19	670.614	798.803
Kröfur á eigin fyrirtæki .....		38.293.991	29.228.718
Aðrar skammtímakröfur .....		1.065.789	1.202.516
Handbært fé .....	6	431	47
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>40.383.832</b>	<b>31.701.520</b>
<b>Eignir samtals .....</b>		<b>284.289.987</b>	<b>264.559.825</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	Ársreikningur 31.12.2025	Ársreikningur 31.12.2024
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eiginfjárreikningar .....	26	132.337.027	118.193.598
		<b>132.337.027</b>	<b>118.193.598</b>
<b>Langtímaskuldir</b>	4,12		
Langtímaskuldir .....	27	126.061.726	118.660.071
Leiguskuldir .....	13,28	9.935.562	10.706.605
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		<b>135.997.289</b>	<b>129.366.676</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		3.950.384	3.436.635
Næsta árs afborgun á eigin fyrirtæki .....		0	3.132.363
Næsta árs afborganir annara langtímaskulda .....	27	8.494.123	7.272.690
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	28	2.049.243	1.833.335
Áhættuvarnarsamningur .....		98.395	0
Fyrirfram innborgað vegna fjárfestinga .....		77.014	80.409
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.286.513	1.244.118
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>15.955.671</b>	<b>16.999.551</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>151.952.960</b>	<b>146.366.227</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals .....</b>		<b>284.289.987</b>	<b>264.559.825</b>
<b>Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings .....</b>	14,29		

# Sjóðstreymisyfirlit 2025

	Skýr	Ársreikningur 2025	Fjárhagsáætlun með viðaukum 2025	Ársreikningur 2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi .....	26	10.481.140	10.682.520	10.366.682
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir .....	8-10,20-24	10.510.351	10.200.000	9.560.898
Sölutap (-hagnaður) eigna .....		( 4.818.183)	( 4.928.000)	( 6.119.136)
Verðbætur og gengismunur krafna/skulda .....	4	3.667.412	3.675.444	4.537.547
Gangvirðisbreyting áhættuvarnar .....		( 4.741)	0	0
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>19.835.978</b>	<b>19.629.964</b>	<b>18.345.991</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		246.032	0	882.603
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		556.144	3.859	( 1.561.106)
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>		<b>802.176</b>	<b>3.859</b>	<b>( 678.503)</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>20.638.154</b>	<b>19.633.823</b>	<b>17.667.488</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	21	( 20.615.042)	( 22.723.000)	( 18.737.853)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	20	( 798.350)	( 1.070.000)	( 2.001.782)
Innborguð gatnagerðargjöld .....	21,22	2.655.090	3.100.000	2.863.058
Skammtímalíðir vegna fjárfestinga .....		( 3.395,339)	0	204.200
Sala byggingaréttar .....	33	3.363.109	3.074.000	5.446.793
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	21	1.901.854	1.854.000	1.539.853
Langtímakröfur, breyting .....		1.582.091	0	( 884.846)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<b>( 11.914.645)</b>	<b>( 15.765.000)</b>	<b>( 11.570.577)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Tekin ný lán .....	27	13.165.662	16.500.000	16.230.370
Afborgun langtímalána .....	27	( 10.906.946)	( 10.860.036)	( 14.475.307)
Afborgun leiguskulda .....	28	( 1.925.693)	( 1.851.582)	( 1.797.820)
Skammtímafjármögnun .....		0	0	( 26.757)
Krafa á Aðalsjóð, breyting .....		( 9.056.149)	( 4.500.000)	( 6.068.247)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>( 8.723.126)</b>	<b>( 711.618)</b>	<b>( 6.137.761)</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		<b>384</b>	<b>3.157.205</b>	<b>( 40.850)</b>
<b>Handbært fé í årsbyrjun .....</b>		<b>47</b>	<b>9.887.968</b>	<b>40.897</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<b>431</b>	<b>13.045.173</b>	<b>47</b>
<b>FJÁRFESTING OG FJÁRMÖGNUN ÁN GREIÐSLUÁHRIFA</b>				
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....				
Langtímakröfur .....	19	( 1.450.000)	0	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....		1.450.000	0	0
Nýjar leigueignir .....		( 913.029)	0	( 808.690)
Nýjar leiguskuldir .....		913.029	0	( 808.690)

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Eignasjóðs Reykjavíkurborgar er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Við gerð ársreikningsins er í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og í síðasta ársreikningi.

## Reikningsskilaaðferðir

### 2. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

### 3. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### 4. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

### 5. Viðskiptakröfur

Útistandandi viðskiptakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á tímabilinu, er færð í rekstrarreikning.

### 6. Handbært fé

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

### 7. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánakjör og niðurfærðar með óbeinni afskrift að teknu tilliti til tapsáhættu. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning. Næsta árs- og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

# Skýringar

## 8. Óefnislegar eignir

Hugbúnaður er færður til eignar í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign á afskrifuðu kostnaðarverði. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, sem er 5 ár.

## 9. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnu framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra og afskriftum, sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum, sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings, sé það lægra.

Við upphaflega færslu leigðra eigna í ársbyrjun 2010 er kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir reiknaðar frá samningsdegi leigusamnings.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðartekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum, sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

## 10. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna, þar til niðurlagsverði er náð. Almenn er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar, skrifstofu- og skólahúsæði .....	25-50 ár
Aðrar byggingar .....	25-50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags .....	8-50 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Áhöld og tæki .....	4-20 ár

## 11. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða áætlaðan nýtingartíma, sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma, er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Almenn er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	6-25 ár
------------------	---------

# Skýringar

## 12. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánakjör segja til um.

## 13. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksgreiðslna leigusamnings, sé það lægra. Lágmarksgreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksgreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksgreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef gerlegt er að ákvarða hana, en ef ekki, er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

## 14. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Yfirlit yfir skuldbindingar Eignasjóðs Reykjavíkurborgar utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 29. Um er að ræða skuldbindingar vegna verksamninga.

## 15. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymi. Fjárhagsáætlun ársins er upphafleg áætlun að viðbættum samþykktum viðaukum við fjárhagsáætlun.

## 16. Yfirlit um sjóðstreymi

